

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi, sbr. 5. gr. samþykktar fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi, fyrir árið 2004 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

|                                      |        |
|--------------------------------------|--------|
| Gjaldskrá sorphirðu fyrir árið 2004: | kr.    |
| Lögbýli                              | 7.245  |
| Íbúðarhús                            | 5.985  |
| Frístundahús                         | 3.675  |
| Fyrirtæki/smárekstur                 | 7.245  |
| Losanir úr gámum pr/m <sup>3</sup>   | 337,26 |

Gjald dagar eru sömu og fasteignagjalda.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 19. nóvember 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 26. febrúar 2004.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Breyting á deiliskipulagi í Iðnbúð og Smiðsbúð.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á skipulagsskilmálum fyrir iðnaðar- og verslunarlóðir við Iðnbúð og Smiðsbúð. Í breytingunni felst m.a. að íbúðir verða heimilaðar í hverfinu að uppfylltum skilyrðum sem tiltekin eru í skipulagsskilmálum. Deili-skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og bygg-ingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni við Norðurhraun 1.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Norðurhraun 1. Í breytingunni felst að heimilað verður að reisa opið skýli á lóðinni. Deiliskipu-lagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F. h. Garðabæjar, 26. febrúar 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.